



13. fundur stjórnar LH

12. október 2015 kl. 16:00 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Mættir úr aðalstjórn: Lárus Ástmar Hannesson, Jóna Dís Bragadóttir, Andrea M. Þorvaldsdóttir, Stella Björg Kristinsdóttir, Ólafur Þórisson, Haukur Baldvinsson, Helga Björg Helgadóttur úr varastjórn.
Fjarverandi: Eyþór Jón Gíslason.

Mættir úr varastjórn: Hrönn Kjartansdóttir og Rúnar Þór Guðbrandsson.
Fjarverandi: Sigurjón Rúnar Bragason og Petra Kristín Kristinsdóttir.

Gestir: Hilda Karen Garðarsdóttir starfsmaður LH, ritaði jafnframt fundargerð.

1. **Fundargerðir síðustu funda** – samþykktar með örlitlum breytingum. Verða birtar á vefnum þri. 13.10.2014.
2. **Verkefni LH, FHB og LH – skoða faglega og rekstralega kosti samstarfs/sameiningar**
 - a. Kristinn Hugason fór yfir verkáætlun sína við vinnslu verkefnisins. Hann áætlaði að 1.3.2016 verði skil á skýrslu og niðurstöðum vinnu hans.
 - b. Verkáætlunin spannar 3 stig:
 - i. 1. Stig – markmið og tilgangur
 - ii. 2. Stig – á grundvelli 1. stigs, kanna tvö meginatriði, hvort ein samtök myndi öflugri stoð, eða samrekstur sé heppilegri.
 - iii. 3. Stig – niðurstöður um hvers konar skipulagsform verður fyrir valinu.
 - iv. Kristinn tekur fram að hann taki engar ákvarðanir varðandi sameiningu eða samstarf, heldur séu það stjórnir félaganna, félagsmenn og landsþing LH. Hans hlutverk sé að vinna þá vinnu sem nauðsynleg er að liggja til grundvallar ákvörðun um málið og að hann sé einungis ráðgefandi.
3. **Ýmis mál frá Lalla**
 - a. **Spurningakeppni hestamanna á Hringbraut** – samþykkt.
 - b. **Samstarf við Spón** – fá kynningu á þessu verkefni inná æskulýðsráðstefnu. RÞG finnst vanta nánari útfærslu á verkefninu. HBH sammála. Stjórn sammála um að þetta sé mjög jákvætt verkefni.
 - c. **Kynning á mótssvæðinu á Hólum** – Laufskálaréttarhelgin í Skagafirði, LM kynnt á Hólum, svæðið, völluminn vígður og RÞG bendir á að umræðan hafi gjörbreytt í kjölfarið, orðin mjög jákvæð.
 - d. **50 ára afmæli Mána** – LÁH boðið að vera viðstaddur afmælishátíð. Formaður ber Mánafólki kveðju okkar.
 - e. **Fundaplan stjórnar** – 5. nóv næsti fundur. Fjallað um formannafund og uppskeruhátíð, stuttur fundur.
 - f. **Uppskeruhátíð** (Lalli og Jóna) – gengur vel að undirbúa. Fleiri boðsmiðar nú en í fyrra. HB spyr hvort það sé vit í því að halda svona dýra hátíð? Þarf að skoða.
 - g. **Herning 2019** – NIHF hefur áhuga á að sækja um HM2019. Stjórn sammála um að skoða þurfi vel skýrsluna eftir HM 2015, og athuga fjárhagslegar skuldbindingar landanna.



- h. **Fundaferð LH, Fagráðs og HB** – Heiðar, Jóna Dís og Lárus skipta með sér þessum fundum. Jákvætt andrúmsloft á fundunum. RÞG tekur undir að þetta hafi verið góður fundur, menn jákvæðir.
4. **Samningur við Fák** – aðalfundur LM var fyrr í dag. Formaður kynnti helstu atriði og nefndi að þessi samningur væri tímamótasamningur, þar sem Fákur tekur mótið alveg að sér sbr. fyrirkomulag heimsmeistaramótanna. RÞG það sem skiptir máli, okkar samst fái sýnileika á mótinu, markaðsátakið tekur þátt í markaðssetningunni á mótinu. Það sé framlag LH inni mótahaldið, þarf að passa að hafa allt í samningnum. Hestatörg og fleira. Fundarmenn sammála um að fyrirkomulag dómgæslu í gæðingakeppni verði með svipuði sniði og áður og gangi þurfi frá þeim málum í samningi. Stjórn sammála.
5. **Íslandsmót fullorðinna** – skv. þinggerð Landsþings fékk Fákur mótið en Fáksmenn segjast aðeins hafa sótt um mótið með þeim formerkjum að fá bæði Íslandsmótin. Ekkert félag til vara. Upp kom hugmynd að athuga með hmf. Sleipni, sem sótti um mótið en dró umsóknina til baka þegar Fákur sótti um mótin saman. HB talar við formann Sleipnis.
6. **Ráðstefna um framtíð landsmóta (Jóna og Helga)** – allt tilbúið, Viðar Halldórsson félagsfræðingur stýrir ráðstefnunni og kemur með hópstjóra sem stýra hópavinnu fundarmanna. Niðurstöðurnar verða jafnvel nýttar í frekari vinnu, jafnvel kynntar á fundum um landið, formannafundinum o.fl. Stjórnin spennt fyrir ráðstefnunni og þátttakan er góð.
7. **Formannafundur** – HBH: Spurning til að vinna með: Hvað er mest aðkallandi í þínu hestamannafélagi? Þarf að klára að forma dagskrá og senda út í síðasta lagi 2 vikum fyrir fund.
8. **Markaðsverkefnið (Jóna og Rúnar)** – vinna síðustu vikna kynnt og nánari kynning mun fara fram á formannafundinum 6. nóvember.
9. **Dagur hestsins (Jóna og Helga)** – Dagur hestsins um allan heim, myndum nýta þann dag og halda dag hestsins sama dag hér á landi. Endurspegli áherslur markaðsverkefnis. Vinna í samvinnu við Íslandsstofu. Fá fulltrúa frá hestamannafélagunum og stækka verkefnishópinn. Kynna á formannafundi, jafnvel umræðuefni. Þróa áfram.
10. **Æfingahópur ungmenna (Lalli)**
- a. Tillaga: Stjórn LH samþykkir að setja af stað undirbúningshóp sem hefur það hlutverk að koma með hugmyndir að uppbyggingu og formi æfingahóps ungmenna á vegum LH. Í hópnum munu sitja fulltrúar frá landsliðsnefnd, æskulýðsnefnd, menntanefnd, FT auk formanns og varaformanns LH. Formaður LH mun boða til og stýra fyrsta fundi hópsins. Samþykkt af stjórn.
11. **Mál Sigurðar Ævarssonar (Lalli)** – stjórn samþykkir að biðja um skriflegt álit frá aganefnd vegna bréfs frá lögfræðingi SÆ.
12. **Starf valnefndar (Stella)** – SBK fór yfir störf nefndarinnar og sagði að nefndin, 7 manns, stæði 100% á bak við allar tilnefningar. Rætt var um „mælingar“ á árangri ræktunarbúa og



keppnisknapa, stigatöflur þar sem gefin voru stig fyrir árangur. LÁH bendir á nokkur atriði: hafa kannski nefndina opinbera, hafa stigatöflu til að vinna eftir og bjóða ræktunarbúum upp á að senda inn árangur sinna keppnishrossa á árinu. SBK segir frá tillögum nefndarinnar um að endurskoða vinnureglurnar og greinargerðina. HB spyr sig af hverju er verið að verðlauna svona marga flokka? Samþykkt að skipuð verði nefnd til að fara yfir greinargerð valnefndar.

13. Fræðsluefni úr safni Reynis Aðalsteinssonar (Lalli) – kennsluefnið verður aðgengilegt í áskrift. Allir sammála um að verkefnið sé frábært. Góð umræða um varðveislu efnisins, nýliðun. Stjórnin samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 100.000.

14. Fjármálin - Ólafur gjaldkeri fór yfir fjármál samtakanna og eru þau í ágætum málum.

15. Önnur mál

- a. **FEIF þing í febrúar 2016:** Ákveða hverjir fara á vegum LH og panta fargjald tímanlega. Hilda fer sem starfsmaður LH, annað ákveðið síðar.

Ekki fleira tekið fyrir, fundi slitið um kl. 19:00.